# Google Chat

**Google Ireland Limited („Google“)**
Gordon House, Barrow Street, Dublin 4, Írland
https://support.google.com/

*Tekur gildi 21. desember 2020*

**Samantekt samnings**

- Samantekt þessa samnings lýsir þjónustu okkar í megindráttum eins og lög ESB segja til um[1].
- Henni er ætlað að hjálpa þér að bera saman þjónustutilboð.
- Ítarlegar upplýsingar um þjónustu okkar er að finna í öðrum skjölum.

**Þjónusta**
Google Chat er spjallskilaboðaþjónusta sem hægt er að nota í mismunandi tækjum og kerfum gegnum vefviðmót eða forrit. Internettengingar er krafist til að hægt sé að senda eða móttaka skilaboð í Google Chat. Google veitir þjónustu Google Chat með viðunandi færni og vandvirkni og býður upp á hágæðaþjónustu.

**Verð**
Google Chat er í boði án endurgjalds og fellur notkunin undir reglufylgni við þjónustuskilmála Google (hægt að skoða á https://policies.google.com/terms).

**Tímalengd, endurnýjun og uppsögn**
Þú getur notað Google Chat um leið og þú hefur skráð þig. Þér ber engin skylda til að nota Google Chat í ákveðinn tíma og þér er frjálst að hætta notkun þess hvenær sem er.

**Eiginleikar fyrir notendur með fötlun**
Hægt er að nota spjallara í Google Chat til auðvelda sjálfvirkni verka og einnig er hægt að nota skjálesara og flýtilykla. Frekari upplýsingar má finna á https://www.google.com/accessibility/.

**Aðrar viðeigandi upplýsingar**
Notendaþjónusta: Hjálp/stuðningur vegna notkunar á Google Chat er í boði á https://support.google.com/.
Ágreiningur: Þú getur hugsanlega leitað með kvartanir til annars aðila sem sinnir lausn deilumála sem getið er í https://ec.europa.eu/consumers/odr/main/?event=main.adr.show2 eða til annars þjónustuaðila, eins og lög kveða á um í þínu landi. Frekari upplýsingar má finna í þjónustuskilmálum Google.
Öryggisatvik: Google býður upp á tilvikastjórnun allan sólarhringinn til að greina og bregðast við tilvikum sem koma upp í tengslum við öryggi eða persónuvernd án tafar. Google býður einnig upp á öryggisgátlista Google til að hjálpa þér að hafa umsjón með eigin netöryggi.
Persónuupplýsingar: Til þess að geta skráð þig í Google Chat þarftu að gefa upp nafn, netfang og símanúmer. Í persónuverndarstefnu Google (sjá á https://policies.google.com/privacy) má finna frekari upplýsingar um þær persónuupplýsingar sem Google safnar þegar þú notar Google Chat. Persónuverndarstefna Google er hvorki hluti samningsins sem þú og Google gerið ykkar á milli né þessarar samantektar.

---

[1] 3. mgr. 102. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 frá 11. desember 2018 um setningu evrópskra reglna um rafræn fjarskipti (European Electronic Communications Code) (Stjtíð. ESB L 321, 17.12.2018, bls. 36).